

VEISLA HJÁ ÚTGARÐA-LOKA

– Ég kýs að fara í kappdrykkju við einhvern hér, sagði Þór.

Útgarða-Loki gekk inn í höllina og bað hirðmann sinn að koma með drykkjarhornið sem hirðmenn hans drykkju venjulega úr. Hirðmaðurinn kom og rétti Þór hornið.

– Það þykir vel af sér vikið ef maður klárar úr þessu horni í einum teyg. Margir gera það þó í tveimur og enginn hér er svo aumur að hann tæmi það ekki í þremur, sagði Útgarða-Loki.

Þór leit á hornið og sýndist það ekki mjög stórt en þó dálítið langt og mjótt í neðri endann. Hann bar það að vörum og drakk af mikilli áfergju, sannfærður um að sér tækist að tæma það í einum teyg. En þegar hann var orðinn svo móður af drykkjunni að hann varð að stoppa, leit hann niður í hornið og sýndist næstum ekkert hafa minnkað í því.

– Hvað er að sjá, ég hélt nú að Ásapór yrði fljótari en þetta að tæma hornið. En þú vilt sjálfsagt reyna aftur, sagði Útgarða-Loki.

Þór svaraði ekki en byrjaði aftur að drekka. Þegar hann lét hornið síga sá hann enn lítinn mun.

Útgarða-Loki var aldeilis hlessa.

– Þú ert sannarlega ekki það mikilmenni sem æsir halda fram ef þú stendur þig ekki betur í öðrum leikjum en þessum, stundi hann.

Þá reiddist Þór, lyfti horninu að vörum og þambaði sem mest hann mátti. Og þegar drykknum lauk sá hann loksins að eitthvað hafði lækkað í því.

– Þá vitum við hversu öflugur þú ert, sagði Útgarða-Loki og glotti. En ef þú vilt reyna eitthvað annað þá er þér það svo sem velkomið.

– Það vil ég. En ég verð þó að láta ykkur vita að heima í Ásgarði þættu svona drykkir ekki smáir. Hvaða leiki viljið þið nú bjóða mér? svaraði Þór.

– Unglingarnir herna leika sér stundum að því að lyfta kettinum mínum. Ég mundi nú ekki bjóða Ásaþór upp á það ef ég væri ekki búinn að sjá hvað þú ert miklu kraftminni en ég hélt, sagði Útgarða-Loki.

Þá hljóp grár köttur inn á hallargólfíð. Þór leist ekkert á stærðina á honum en gekk þó til hans, stakk hendinni undir kviðinn og lyfti honum upp. En kötturinn setti á sig kryppu sem hækkaði því meir sem Þór teygði höndina upp. Þór ætlaði ekki að gefast upp og teygði sig enn og þá lyfti kötturinn einum fæti frá jörðu.

– Þannig lauk þeim leik, rétt eins og mig grunaði. Og ekki við öðru að búast þar sem Þór er bara smákríli miðað við okkur hér, sagði Útgarða-Loki.

Þór hvessti sig:

– Þú kallar mig lítinn en ég spyr hver hér inni sé tilbúinn til að glíma við mig, því nú er ég reiður.

Útgarða-Loki leit í kringum sig og sagði svo:

– Ég sé engan mann hér inni sem ég get boðið upp á það. Ég held ég láti bara kalla í Elli gömlu, fósturu mína. Vill ekki einhver sækja hana og sjá hvort hún er til í slaginn. Hún hefur fellt þá menn sem voru vasklegri en Þór.

Þá gekk gömul kona inn í höllina og Útgarða-Loki bað hana að glíma við Þór. Hún kinkaði kolli og þau hófu glímuna. Þór neytti allra bragða sem hann kunni en kerlingin haggðist ekki. Loks tók hún að beita brögðum og þá mátti Þór hafa sig allan við. Á endanum tókst henni að koma honum á annað hnéð en þá gekk Útgarða-Loki fram og sagði þeim að hætta.

– Þór þarf ekki að glíma við fleiri hér, sagði hann.

Úr hverju drakk Þór? _____

Hvað drakk hann oft? _____

Hvernig var kötturinn sem Þór átti að lyfta á litinn? _____

Hvernig endaði tilraun Þórs til að lyfta honum? _____

Við hvern glímdi Þór? _____

Hvernig lauk glímunni? _____
